

11. gr.

92

19. okt.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 kr., og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í Bryggjusjóð.

Reglugjörð þessi, sem sýslumaður Skagafjarðarsýslu hefir samið eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókshreppi, er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917 til að öðlast gildi 15. nóvember 1926 og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. oktbr. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKT

93

29. okt.

um

sýsluveg í Blöndudal austan Blöndu.

1. gr.

Blöndudalsvegur er nefndur vegur sá, er samþykkt þessi ræðir um; liggur hann frá Langadalsveginum í Hlíðarskriðu yfir Svartá og fram Blöndudal að Bollastöðum.

2. gr.

Vegurinn skal vera 2—2,4 metrar að breidd, með hæfilega mörgum útskotum og vel vandaður að öllu. Brekkumegin við veginn skal vera það breiddur bekkur, að breikka megi veginn síðar um $\frac{3}{4}$ —1,15 metra. En útskot þurfa ekki á veginn frá Eyvindarstöðum að Bollastöðum.

3. gr.

Helminginn af kostnaði við lagningu þessa akvegjar, fram að Eyvindarstöðum, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Austur-Húnavatns-sýslu. Annan kostnað við veg þennan greiði þeir, sem búa eða eiga heimili í Blöndudal austan Blöndu þannig:

- a. Hver, sem á land sem vegurinn liggur um — frá Svartá að Bollastöðum, að þeim meðtöldum — skal árlega vinna eitt dagsverk, eða greiða kr. 7,00

93
29. okt.

fyrir hverjar 1000 krónur af fasteignamatsverði lands eða ábýlis. Rjett eiga landsdrottnar á, að fá árlega frá leiguliðum sínum 6% af því, er þeir hafa greitt af leigulandinu til vegarins.

b. Hver, sem á skepnur á fjelagssvæðinu, greiði árlega:

1) Af hverri sauðkind 10 aura.

2) — hverjum stórgrip 50 aura.

Hreppstjórar skulu skyldir að láta í tje árlega fyrir júnílok staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum til notkunar við útreikning á gjaldinu.

c. Hver húsráðandi á nefndu svæði skal árlega vinna 1 dagsverk fyrir hvern verkferan heimilisfastan karlmann, sem er 20—60 ára, eða greiða 7 krónur í fjelagssjóð.

Rjett á húsráðandi til endurgreiðslu frá hlutaðeigendum. Gjöld þessi sjeu greidd í síðasta lagi fyrir 1. okt. ár hvert.

d. Aðalfundur getur hækkað gjöld þessi um alt að helming, ef hækkinin er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, og þess hefir verið getið í fundarboðinu.

Lán til vegagerðarinnar má stjórnin taka gegn trygging í tekjum vegarins, með sömu skilyrðum, en þó þarf samþykki sýslufundar.

Gjaldi því, sem nefnt er í staflið e., sje árlega varið til vegarins frá Eyvindarstöðum að Bollastöðum, uns hann er akfær, ef eigandi Bollastaða krefst. Skal og viðhalda veginum framvegis eftir því er þörf krefur, með þessum tekjum.

4. gr.

Leggja skal veginn þar, sem þar til kjörinn verkstjóri og fjelagsstjórn álíta hentugast. Kröfurjett um bætur fyrir landsspjöll hafa hlutaðeigendur ekki.

5. gr.

Aðalfund heldur fjelagið í ársbyrjun á hverju ári.

Störf aðalfundar eru: Kosning stjórnar, umræður og úrslit fjelagsmála og kosning endurskoðara reikninga.

Atkvæðisrjett hafa allir, sem gjalda í fjelagssjóð og eru 18 ára eða eldri.

6. gr.

Í stjórn fjelagsins sitja 3 menn, kosnir til þriggja ára. Skal einn ganga úr stjórninni á ári, eftir hlutkesti 2 árin. Endurkjósa má stjórnina; þó er enginn skyldur að sitja í henni lengur en 6 ár í einu og sje þá laus jafnlangan tíma.

Stjórnin annast allar framkvæmdir fjelagsins, svo sem að útvega menn og annað, sem þarf til vegagerðarinnar, heimta saman tekjur vegarins, semja reikninga fjelagsins og halda gerðabók. Störf sín vinnur stjórnin endurgjaldslaust, nema ferðir útaf fjelagssvæðinu; fyrir það skal greidd þóknun úr fjelagssjóði, samkvæmt úrskurði aðalfundar.

7. gr.

Sýslunefnd úrskurðar reikninga fjelagsins.

93

29. okt.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, alt að 200 krónum.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. desember 1926, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. október 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

94

6. nóv.

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Ísafjarðarkaupstað.

I. *Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.*

1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: Oddvita bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og þremur bæjarfulltrúum, er bæjarstjórn kýs. Kosningar í nefndina fara fram á sama hátt og kosningar í aðrar nefndir bæjarstjórnarinnar að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti, sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt, og fullnægt skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

II. *Hver slökkvitól kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.*

2. gr.

Ísafjarðarkaupstað er skylt, auk slökkvitólahúss, að eiga í notfæru ástandi að minsta kosti þessi slökkvitól: Vjeldælu, slöngur, björgunarstiga,